

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 112/2005

frá 30. september 2005

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2005 frá 10. júní 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/11/EB frá 16. febrúar 2005 um breytingu, að því er varðar aðlögun að tækniframförum, á tilskipun ráðsins 92/23/EBE varðandi hjólbarða á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og ásetningu þeirra ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 45d (tilskipun ráðsins 92/23/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **32005 L 0011**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/11/EB frá 16. febrúar 2005 (Stjtið. ESB L 46, 17.2.2005, bls. 42).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2005/11/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. október 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 13.10.2005, bls. 5 og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 52, 13.10.2005, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 46, 17.2.2005, bls. 42.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 30. september 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.